

Alþingi
Erindi nr. P 143/858
komudagur 19.1.2014

Egilsstöðum 17. janúar 2014.

Athugasemd við 202 mál frá umhverfis og samgöngunefnd alþingis.

Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum (FLH) fagnar þeim hugmyndum sem fram eru komnar um flutning stjórnýslu hreindýraveiða í hendur heimamanna. Það stytir boðleiðir og ætti að auka skilvirkni stjórnýslu málaflokksins.

Félagið vill þó leggja áherslu á að menn hugsi málið til enda og skilgreini á skýran hátt hvernig menn sjá þessu fyrir komið. Félagið leggst alfarið gegn því að stjórnýslan færist til hreindýraráðs en hreindýraráð verði áfram ráðgefandi aðili. Ekki stenst stjórnýslulög að hreindýraráð sjái bæði um ráðgjöf ásamt ákvarðanatöku og sé jafnframt framkvæmdaaðili veiðanna.

Leggur stjórn FLH til að sú starfstöð Umhverfisstofnunar sem staðsett er á Egilsstöðum verði eflid og taki yfir alla stjórnýslu hreindýraveiða.

Auk þess bendir stjórn FLH á að ekki sé ásættanlegt að í því ráði sem fjallar um málefni hreindýra og hreindýraveiða séu eingöngu fulltrúar búnaðarsambanda og landeigenda, en ekki annarra hagsmunaaðila svo sem ferðaþjónustuaðila, veiðimanna og leiðsögumanna. Leggur stjórn FLH það til að samhliða flutningi stjórnýslu til Austurlands verði samsetning hreindýraráðs tekin til endurskoðunar með tilliti til breytts fyrirkomulags á úthlutun og sölu hreindýraveiðileyfa.

Fyrir hönd stjórnar FLH,

Þórhallur Borgarsson, formaður.